



Samkeppniseftirlitið
Borgartúni 26
125 Reykjavík

Reykjavík 11. mars 2016

Félag íslenskra bifreiðaeigenda fagnar markaðsrannsókn Samkeppniseftirlitsins á íslenska eldsneytismarkaðnum. Það er mjög mikilvægt að fylgjast með framkvæmd viðskipta á þessum markaði sem einkennist af fákeppni með einsleita vörum sem flest heimili landsins þurfa á að halda. Frummatsskýrsla eftirlitsins er yfirgrípsmikil, fræðandi og vönduð. Niðurstöður í skýrslunni eru afar mikilvægar fyrir allan almenning og varða afkomu flestra.

FÍB hefur um eins og hálfus áratugs skeið fylgst stöðugt með olíumarkaðinum. Félagið hefur allan þennan tíma haft aðgang að öruggum upplýsingum um verðþróun eldsneytis á heimsmarkaði. Á þessum tíma hefur verið fylgst náið með heimsmarkaðsverði á bensíni og dísilolíu og það uppreiknað miðað við gengi íslensku krónunnar gagnvart Bandaríkjadal. Þetta kostnaðarverð ásamt sköttum hins opinbera er dregið frá skráðu daglegu útsöluverði íslensku olíufélaganna og þá fæst sterkt dagleg vísbending um álagningu og flutningskostnað á hvern lítra. Með því að uppfæra þessar tölur með vísitölu neysluverðs til verðlags í dag þá er hægt að fá sambærilegar viðmiðanir varðandi þróun álagningar og kostnaðar neytenda vegna álagningar og flutningskostnaðar á milli ára. Það er mat FÍB að álagning hafi verið að vaxa frá hrundi ofan á hærri álagningu hér á landi samanborið við nágannahönd.

Eldsneyti er mjög stór útgjaldaliður hjá heimilum og fyrirtækjum í landinu. Eldsneyti vegur einnig þungt í vísitölu neysluverðs þannig að hækkan álagningar skilar sér af miklum krafti út í verðlag og dregur úr kaupmætti heimila og fyrirtækja. Varðandi eldsneytisnotkun fólksbifreiða þá kostar hver króna í álagningu á bifreiðaeldsneyti neytendur á fimmtra hundrað milljónir króna yfir eitt ár.

Fyrir og eftir hrundu miklar eignabreytingar á stærri íslensku olíufélögunum og miklir fjármunir runnu út úr fyrirtækjunum til eigenda. Eftir hrundu hafa nokkrir milljarðar verið afskrifaðir af skuldum stærri olíufélaganna.

Niðurstaða skýrslunnar er mjög athyglisverð og þar er í raun tekið undir áralanga gagnrýni FÍB á eldsneytismarkaðinn og olíufélögin á flestum sviðum. FÍB hefur lengi bent á það hversu taktfast og samræmt „góngulag“ olíufélaganna hefur verið lengstum. Engu hefur verið líkara en þau hafi haft náið samráð um verðlagningu og tímabundin og varanleg afsláttarkjör handa viðskiptavinum sínum. Ef hægt er að tala um samkeppni þeirra í millum er það ef til vill helst um mjög stóra viðskiptavini. Almenningur virðist niðurgreiða rifleg afsláttarkjör til stórra viðskiptavina. Eða eins og segir í skýrslunni:



FÉDÉRATION
INTERNATIONALE
DE L'AUTOMOBILE

Skúlagata 19 • 101 Reykjavík • S +354 414-9999 • F +354 414-9998 • fib@fib.is • www.fib.is



„Bifreiðaeldsneytisverð á Íslandi, að undanskildum sköttum og öðrum opinberum gjöldum og að teknu tilliti til flutningskostnaðar og smæðar markaðarins, er hærra en í flestum öðrum vestrænum ríkjum. Með öðrum orðum er munurinn á eldsneytisverði meiri en svo að hann megi útskýra með auknum kostnaði hér á landi, s.s. legu landsins eða veðurfari. Þá sýnir rannsókn Samkeppniseftirlitsins að álagning á bifreiðaeldsneyti í smásölu á Íslandi er hærri en búast mætti við, jafnvel þegar gert er ráð fyrir heildsöluálagningu félaganna sjálfra, smásöluálagningu sjálfstæðra smásala í Bretlandi og raunkostnaði félaganna við kaup, innflutning, birgðahald og dreifingu. Álagning á aðrar eldsneytistegundir virðist hins vegar benda til meiri samkeppni á milli olíufélaganna.“

Í niðurstöðum samkeppnismatsins í kafla 9 er ágæt samantekt á samkeppnishamlandi aðstæðum eða háttsemi á íslenska oliumarkaðnum. FÍB tekur undir þessar niðurstöður Samkeppniseftirlitsins og jafnframt þær ábendingar sem settar eru fram um aðgerðir til að draga úr alvarlegum samkeppnhömlum. Samantektin á mögulegum úrbótum í kafla 11 er vel ígrunduð og FÍB telur jákvætt að ræða þær aðgerðir frekar og halda áfram með markaðsrannsóknina.

FÍB tekur loks undir það mat Samkeppniseftirlitsins að þörf sé á íhlutun til að bæta hag neytenda og stuðla að aukinni samkeppni í eldsneytissölu til almennings.

Virðingarfyllst.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda.



Runólfur Ólafsson
Framkvæmdastjóri